

80

26. maí.

Hesta með klyfjum má aldrei reka yfir brúna, heldur skal ávalt teyma þá, og hesta með trjádrætti skal ávalt teima einn og einn. Lausa hesta má reka yfir brúna, ef maður gengur á undan og gætir þess, að hestarðir fari ekki harðara en klyfjagang. Nautgripir má því aðeins reka yfir brúna, að teymdur sé nautgripur eða hestur á undan.

3. gr.

Öllum, sem yfir brúna fara, ber að haga svo ferð sinn, að aldrei séu fleiri stórgripir (hestar og nautgripir) á brúnni í einu en 10. Tvíhjólaðir vagnar mega ekki fara yfir brúna fleiri en 4 í einu og fjórhjólaðir vagnar ekki en fleiri en 2 í einu.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varðar sektum frá 4 til 100 kr, Sömu sektum varðar það að skemma brúna af ásettu ráði, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt 295 gr. hinna almennu hegningarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um vegi 22. nóv. 1907, 57. og 60 gr.

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, Efra-Hvoli, 26. maí 1910.

*Björgvin Vigfússon.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Norður-Ísafjarðarsýslu útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 29. apríl 1910.  
Skipulagsskráin er þannig:

81

29 apríl.

## Skipulagsskrá

fyrir búnaðarsjóð Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 8000 kr. — átta þúsund krónur — í bankavaxtabréfum með vaxtamiðum frá 1. júlí 1905, er hinn fyrverandi sparisjóður á Ísafirði hefir gefið sýslunni nefndan dag af viðlagasjóði sínum.

## 2. gr.

81

29. apríl.

Undir yfirmsjón stjórnarráðs Íslands hefir sýslunefnd Norður-Ísafjarðar-sýslu á hendi stjórn sjóðsins, sér um geymslu bankavaxtabréfanna og annara verðbréfa sjóðsins, sem og sölu þeirra, ef til kæmi, og gætir þess, að sjóðurinn sé jafnan áreiðanlega trygður, og að ákvarðanir skipulagsskrár þessarar séu uppfyltar. Sýslunefndin kys árlega úr sínum flokki 3 manna nefnd, sem veitir verðlaun úr honum samkvæmt skipulagsskrá þessari, og semur ársreikning um tekjur og gjöld sjóðsins, sem sýslunefndin síðan endurskoðar og úrskurðar, og að því búnu skal hann birtur í Stjórnartíðindunum.

## 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka skal hann með því að bæta við hann árlega  $\frac{1}{10}$  vaxtanna og þar að auki því af vöxtunum, sem ekki verður varið til verðlauna árlega, samkvæmt 6. gr. Bæði þessi aukning sjóðsins, gjafir til hans og aðrar óvísar tekjur skulu vera óskerðanleg eign hans. Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta með því að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf eða önnur verðbréf eins vel trygð, eða með því að lána hann út gegn veði í fasteign, eftir sömu reglum sem Landsbankinn og útbú hans fylgja, er þau veita lán gegn fasteignarveði.

## 4. gr.

Hinum árlegu vöxtum sjóðsins, að fráðregnum  $\frac{1}{10}$  samkvæmt 3. gr., skal verja í fyrsta sinni árið 1911 til verðlauna handa sýslubúum fyrir framúrskarandi dugnað í landbúnaði, garðrækt, fiskiveiðum og iðnaði.

Sem dæmi upp á verðlaunaverðar framkvæmdir skal nefna:

- a. Kynbætur sauðfjár, nautpenings og hrossa, afbragðs meðferð þeirra, svo og framúrskarandi góð skepnuhús og heyllöður;
- b. túnrækt, svo sem sléttur, útgræðslur, vörslugirðingar, einkum úr grjóti, vönduð meðferð áburðar og hentug aburðarsafnhús;
- c. vatnsveitingar, hvort heldur er framræsla eða áveiting;
- d. fyrirtaks kálgarðarækt fyrir jarðepli, rófur eða annan jarðarávöxt til manneldis;
- e. húsabætur á ábýlisjörðum, er séu þarflegar, varanlegar og helzt til fyrirmyndar;
- f. æðarvarpsrækt, hvort heldur ágæt hirðing og friðun á gömlu æðarvarpi eða framleiðsla nýs æðarvarps;
- g. endurbætur í iðnaði, hvort heldur verulegar bætur í iðnaðaratvinnu þeirri, er þegar á sér stað, eða stofnun nýrra atvinnugreina, sem stuðla að framförum landsins, sem og innleiðsla á vandaðri verkun á einni eða fleiri af aðalvörum landsins;
- h. framfarir í fiskiveiðum, svo sem verulegar endurbætur á skipum eða veiðarfærum, eða á verkuninni á sjálfum fiskinum eða aukaafurðum, sem fást af honum.

**81** Jarðabætur, sem leiguliðar eru skyldir að vinna eftir byggingarbréfi og 29. apríl. öðrum samningum, koma ekki til greina við veiting verðlaunanna né heldur verk, sem unnin eru fyrir almanna fé eða styrk af því.

## 5. gr.

Nú vill einhver öðlast verðlaun af sjóði þessum og sendir hann þá bónarbréf um það til sýslunefndarinnar fyrir árslok, í fyrsta sinni fyrir árslok 1910, ásamt ítarlegri skýrslu um framkvæmdir sínar í því, sem hann sækir um verðlaun fyrir. Bónarbréfinu á að fylgja vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna um, að það sé rétt hermt sem tilgreint er í skýrslunni. Bónarbréfinu á einnig að fylgja álit hreppsnefndar og meðmæli hennar.

## 6. gr.

Verðlaunin skulu fyrst um sinn vera tvönn,  $\frac{2}{3}$  og  $\frac{1}{3}$  af vöxtum þeim, er úthluta má. En þá er vextirnir eru orðnir svo miklir, að úthluta megi yfir 400 kr. á ári, má sýslunefndin fjölga hinum árlegu verðlaunum, en þó þannig, að hæstu verðlaunin jafnan verði 300 kr. og önnur verðlaun 100 kr. og engin verðlaun minni en 50 krónur. Til verðlauna verða eigi talin þau verk, sem unnin eru meira en 5 árum áður en verðlaunin eru veitt í fyrsta sinni, né heldur þau verk, sem unnin eru á þessu tímabili, hafi umsækjandi notið verðlauna fyrir þau úr öðrum sjóði.

Eigi má veita sama manni verðlaun fyrir samskonar framkvæmdir oftár en 5. hvert ár.

Við útbýting verðlaunanna skal hafa tillit til efnahags umsækjenda; skulu fátækir umsækjendur, þó minna hafi afkastað en þeir, sem ríkari eru, eins koma til greina við veitingu verðlaunanna, ef framkvæmdir þeirra eftir efnunum og ástæðum eru verðlaunaverðar.

Komi fyrir eitthvert ár, að enginn sækir um verðlaun af sjóðnum eða enginn umsækjandi þyki verður verðlauna, skal leggja það fé, er þannig sparast, við höfuðstólinn og ávaxta það í sambandi við hann.

## 7. gr.

Þá er sjóðurinn er orðinn 24000 krónur má hætta að bæta við hann nokkru af ársvöxtunum og skal sýslunefndinni þá heimilt að verja nokkru af vöxtunum árlega, eða með nokkurra ára fresti, til styrks handa efnilegum ungum manni til landbúnaðarnáms erlendis.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Gert á Ísafirði ( $\frac{29}{12}$  1905) 24. júlí 1909.

Eftir umboði hins fyrverandi Sparisjóðs á Ísafirði.

*Þorvaldur Jónsson.      Arni Jónsson.      Þorvaldur Jónsson.*